

2014:10 • 19. september 2014

## Landsframleiðslan 2013 – endurskoðun

### *Gross Domestic Product 2013 – revision*

*Samantekt* Landsframleiðsla jókst að raungildi um 3,5% á árinu 2013. Hagvöxtur hefur ekki verið meiri frá árinu 2007 og hefur landsframleiðsla ekki verið hærrí að raungildi frá árinu 2008. Utanríkisverslun dregur hagvöxtinn áfram því þjóðarútgjöld á árinu 2013 drógust lítillega saman eða um 0,3%.

Einkaneysla og samneysla jukust hvor um sig um 0,8% en fjárfesting dróst saman um 2,2%. Útflutningur jókst um 6,9% og á sama tíma jókst innflutningur um 0,4% þannig að verulegur afgangur varð af vöru- og þjónustuviðskiptum á liðnu ári, eða 156 milljarðar króna.

Samdrátt í fjárfestingu á síðasta ári, um 2,2%, má að miklu leyti rekja til minni innflutnings skipa og flugvéla sem kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins en jafnframt til frádráttar sem innflutningur og hefur því lítil sem engin áhrif á landsframleiðslu ársins. Að frádröginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting á síðasta ári um 2,7% og fjárfesting alls um 5,8%.

Halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum minnkaði verulega á síðasta ári samkvæmt tölum Seðlabankans. Það ásamt afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum leiddi til jákvæðs viðskiptajafnaðar í fyrsta sinn frá árinu 2002. Hann nam rúmum 121 milljarði króna, 6,5% af landsframleiðslu á árinu 2013 og hefur afgangurinn sem hlutfall af landsframleiðslu aldrei verið meiri. Árið 2012 var hann neikvæður um rúma 60 milljarða eða 3,4% af landsframleiðslu.

Viðskiptakjör versnuðu um 1,1% á árinu 2013 en hinn mikli viðsnúningur á viðskiptajöfnuði milli ára varð til þess að þjóðartekjur jukust mun meira en sem nam vexti landsframleiðslu eða um 11,2%. Árið 2012 jukust þjóðartekjur um 2,7%.

Fimmta árið í röð er afgangur af viðskiptum Íslands við útlönd. Afgangur vöru- og þjónustuviðskipta nam 8,3% af landsframleiðslu á liðnu ári og 6,3% á árinu 2012. Á árunum 1998–2008 var halli á þessum viðskiptum að árinu 2002 undanskildu og framlagið til landsframleiðslu því neikvætt þau ár.

Innleiðing nýs þjóðhagsreikningastaðals, ESA2010 og aðrar endurbætur sem gerðar eru á þjóðhagsreikningum, aftur til 1997, leiða til hækkunar á fjárhæð landsframleiðslu. Meðalhækkun á ári á tímabilinu er 3,6% en árið 2012 var viðbótin 4,4%. Áhrifin á hagvöxt eru mun minni eða að meðaltali 0,3% á ári. Árið 2012 dróst hagvöxtur saman um 0,3%.

Hagvöxtur 3,5% á árinu 2013,  
1,1% árið 2012


Hagstofan birtir nú niðurstöður fyrir þjóðhagsreikninga samkvæmt nýjum þjóðhagsreikningastaðli, ESA2010 og nær endurskoðunin aftur til ársins 1997. Niðurstöðum árána 1997–2012 hefur einnig verið breytt frá fyrri tölum eins og m.a. var kynnt með frétt 27. ágúst síðastliðinn. Endurskoðunin er gerð til að innleiða nýja staðalinn en einnig vegna annarra endurbóta á gagnasöfnum og breytingum á aðferðafræði.

Landsframleiðsla ársins 2013 er talin hafa numið 1.873 milljörðum króna en það er 99 milljörðum eða 5,6% hærri fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 3,5% samanborið við 1,1% vöxt árið áður. Landsframleiðsla á liðnu ári hefur ekki verið hærri að raungildi frá árinu 2008.

Að teknu tilliti til mannfjöldaaukningar, sem nam 0,7%, jókst landsframleiðsla á mann að raungildi um 2,7% árið 2013 en hafði árið áður vaxið um 0,8%.

### Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012 og 2013. Preliminary data 2012 and 2013.

Einkaneysla jókst um 0,8%

Einkaneysla jókst um 0,8% á árinu 2013 sem er minni vöxtur en síðustu ár en árið 2012 jókst hún um 2,0% og um 2,5% árið 2011. Á árunum 2008 til 2010 dróst einkaneyslan saman um 16,3% að raungildi, mest árið 2009, 9,9%.

Á árinu 2013 var einkaneysla 65% meiri að raungildi en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla vaxið um 86% og mannfjöldinn um 26%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 31% en landsframleiðsla um 47%.

Einkaneysla 53%  
af landsframleiðslu


Árið 2013 reyndist hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu vera 52,7% sem er svipað og árið 2012 en það fór lægst í 51% árið 2010. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall mjög lágt, en það var á bilinu 55–61% fram til ársins 2007.

Einkaneysla er flokkuð í 12 aðalflokka samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi (COICOP – Classification of Individual Consumption by Purpose). Í töflu 9 er samsetning einkaneyslu sýnd eftir útgjaldaflokkum undanfarin fjögur ár og árin 1990 og 1995. Hluttur matar, drykkjarvöru og tóbaks í útgjöldum heimilanna hefur dregist saman, var tæp 24% á árinu 1990, var kominn niður í 15% árin 2005–2007

en hefur undanfarin fimm ár verið kringum 19%. Þá hefur vægi fatnaðar dregist saman um 50% frá árinu 1990 en á móti kemur að vægi húsnæðiskostnaðar hefur aukist um 26%, samgangna um 31% og vægi útgjalda Íslendinga erlendis hefur aukist um 39%.

## Mynd 2. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 2. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012 og 2013. Preliminary data 2012 and 2013.

Samneysla  
jókst um 0,8%

Samneysla jókst um 0,8% á liðnu ári og er það viðsnúningur frá árinu 2012 er hún dróst saman um 1,2%. Árið 2011 jókst hún lítillega en dróst saman árin 2009 og 2010. Sá samdráttur kom í kjölfar mikils vaxtar á árunum 2005–2008, 3,5%–4,7% á ári.

Samneysla var 24,3% af landsframleiðslu á liðnu ári sem er svipað og árið áður þegar það var 24,4%. Síðan árið 2000 hefur þetta hlutfall verið á bilinu 22,4–24,9%, en hafði aldrei farið yfir 22% fram að þeim tíma. Endurskoðað uppgjör fjármála hins opinbera fyrir árið 2013, með ýtarlegum sundurliðunum, verður birt í Hagtíðindum, *Fjármál hins opinbera 2013 – endurskoðun*, 23. september næstkomandi.


2,2% samdráttur í fjárfestingu

Fjárfesting dróst saman um 2,2% á síðasta ári en á árinu 2012 jókst hún um 4,3% og um 11,6% árið 2011. Á árunum 2007–2010 dróst hún mikið saman og nam samdrátturinn 8,6% árið 2010 og 47,7% árið 2009. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu nam 15,1% á árinu 2013 og hefur þetta hlutfall verið í sögulegu lágmarki síðustu fimm árin. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið mun stöðugra, um eða rétt undir 20% undanfarinn aldarfjórðung.

Atvinnuvegafjárfesting dróst saman um 8,6% árið 2013 en á árinu 2012 jókst hún um 6,4% og um 23,3% árið 2011 eftir mikinn samdrátt á árunum 2007–2010. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 10,8% í fyrra, samanborið við 6,9% aukningu árið 2012 og 5,4% aukningu árið 2011. Fjárfesting hins opinbera jókst um 12,5% á liðnu ári og er það viðsnúningur eftir fimm ára samdrátt. Að raungildi hefur heildarfjárfesting síðustu fimm ár verið svipuð og árið 1997.

### Mynd 3. Magnvísitala fjárfestingar og helstu undirliða

Figure 3. Gross fixed capital formation, volume indices by main components



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012 og 2013. Preliminary data 2012 and 2013.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins en jafnframt til frádráttar sem innflutningur og hefur því lítil sem engin áhrif á landsframleiðslu ársins. Að frádræginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting á síðasta ári um 2,7% og fjárfesting alls um 5,8%.

Þjóðarútgjöld drógust saman um 0,3%

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, drógust saman um 0,3% að raungildi á liðnu ári. Árið 2012 jukust þau um 1,4% og um 3,6% á árinu 2011.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Vöruútflutningur jókst um 3,7% á árinu 2013 og útflutningur á þjónustu jókst um 11,3% en í heildina jókst útflutningur um 6,9%. Á sama tíma dróst innflutningur á vöru saman um 0,3% en á þjónustu jókst hann um 1,5%. Í heild jókst innflutningur um 0,4%. Áfram varð því verulegur afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2013, eða 156 milljarðar króna, samanborið við 111 milljarða króna árið áður.

Undanfarin fimm ár hefur útflutningur vöru og þjónustu verið afar mikill, mældur sem hlutfall af landsframleiðslu. Útflutningur hefur verið vel yfir 50% síðan árið 2010 og var 55,7% árið 2013. Þetta eru hærri hlutföll en sést hafa frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945. Þetta má rekja til verulegrar fjölgunar ferðamanna til Íslands og góðra aflabragða og hagstæðs verðs á íslenskum sjávarafurðum á mörkuðum erlendis síðustu ár.

Hlutfall innflutnings hefur einnig verið hátt síðustu þrjú ár, eða 47–50%, sem er afar hátt í sögulegu samhengi. Hátt hlutfall útflutnings og innflutnings má að hluta rekja þetta til lækkunar á gengi krónunnar frá árinu 2008.

#### Mynd 4. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 4. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012 og 2013. Preliminary data 2012 and 2013.


Mun meiri vöxtur landsframleiðslu en þjóðarútgjalda

Meiri aukning útflutnings en innflutnings að raungildi olli því að landsframleiðsla jókst mun meira en sem nam vexti þjóðarútgjalda, eða 3,5% samanborið við 0,3% samdrátt þjóðarútgjalda. Árið 2012 jukust þjóðarútgjöldin um 1,4% en landsframleiðslan um 1,1%. Á árinu 2011 jukust þjóðarútgjöld um 3,6% en landsframleiðsla um 2,1%.

Undanfarin fimm ár hefur landsframleiðsla að raungildi dregist mun minna saman en þjóðarútgjöld, um 1,6% á móti 15,9% samdrætti þjóðarútgjalda en mest áhrif verða á árinu 2009.

#### Mynd 5. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 5. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012 og 2013. Preliminary data 2012 and 2013.

Meiri vöxtur þjóðartekna


Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðsla, en þar er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til launa- og fjáreignatekna til og frá útlöndum (að stærstum

hluta vaxta- og arðgreiðslur). Viðskiptakjör versnuðu nokkuð á árinu 2013 eða sem nam 1,1% af landsframleiðslu fyrra árs og er það þriðja árið í röð sem þau versna, en árið 2012 versnuðu þau um 1,8% og um 1,4% árið 2011. Þau bötnuðu aftur á móti verulega á árinu 2010, um 2,3%. Verð á útfluttum vörum og þjónustu lækkaði á árinu 2013 um 3,0% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu lækkaði um 1,2%. Á sama tíma lækkaði meðalverð á erlendum gjaldeyri um 1,4%, þ.e. krónan styrktist.

Halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum minnkaði um 137 milljarða króna á síðasta ári sem gerði gott betur en að vega upp versnandi viðskiptakjör. Þjóðartekjur jukust mun meira en sem nam vexti landsframleiðslu eða um 11,2% samanborið við 3,5% vöxt landsframleiðslu. Hallinn minnkaði einnig á árinu 2012 og þrátt fyrir óhagstæða þróun viðskiptakjara jukust þjóðartekjur einnig meira en sem nam vexti landsframleiðslu, 2,7% á móti 1,1%. Þjóðartekjur á liðnu ári námu svipaðri fjárhæð að raungildi og þjóðartekjur ársins 2006.

### Mynd 6. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 6. GDP and GNI, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012 og 2013. Preliminary data 2012 and 2013.

Minnkandi halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum ásamt góðum afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum leiddi til jákvæðs viðskiptajafnaðar (án rekstrarframlaga) í fyrsta sinn frá árinu 2002. Hann nam rúmum 121 milljarði króna, 6,5% af landsframleiðslu og hefur afgangurinn aldrei verið meiri frá því gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945. Árið 2012 var halli sem nam rúmum 60 milljörðum króna, 3,4% af landsframleiðslu. Frá árinu 1980 hefur aðeins 6 sinnum verið afgangur.


#### Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Hér að ofan er landsframleiðsla metin út frá ráðstöfunarhlið, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðslu er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 13 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2009–2013 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu. Í töflu 12 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu atvinnugreinaskiptingu.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2012 og áætlun fyrir árið 2013.

### Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu (tekjuvirði)

Figure 7. The share of labour and capital in GDP (factor cost)




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2013. Preliminary data for year 2013.

#### Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðslu í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bótum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2013 er talið að í hlut launþega hafi komið um 59,8% af því sem til skipta var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bótum um 40,2%. Launahlutfall á árinu 2013 var svo til óbreytt frá árinu 2012, þegar það var 58,9%. Hlutfallið nú er svipað og árið 1998 en var tæplega 70% á árunum 2006–2007. Launafjárhæð á árinu 2013 er áætluð með hliðsjón af tiltækum gögnum um launabreytingar milli 2012 og 2013 en launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2012.

### Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD-ríkjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



**Skýringar** Notes: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012 og 2013. Tölur fyrir OECD gætu breyst þegar ríkin hafa birt niðurstöður skv. nýjum staðli. Preliminary data 2012 and 2013. Figures for OECD might be subject to revision when the European member countries have implemented ESA2010.

#### Hagvöxtur í OECD-ríkjum árið 2013

OECD hefur áætlað að á liðnu ári hafi landsframleiðsla í ríkjum OECD í heild aukist um 1,3%<sup>1</sup> sem er minni vöxtur en hér á landi. Á árinu 2012 jókst landsframleiðsla OECD-ríkjanna um 1,5% samanborið við 1,1% vöxt hér á landi.

Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróun á Íslandi og framan af tíunda áratug síðustu aldar var hagvöxtur hér á landi mun minni en í OECD-ríkjum í heild. Ef litið er yfir allt tímabilið 1990–2013 reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 2,6% en 2,1% í OECD-ríkjunum í heild.

### Nýr þjóðhagsreikningastaðall, ESA2010 og aðrar endurbætur

Hagstofan birtir nú niðurstöður þjóðhagsreikninga samkvæmt nýjum staðli, ESA2010. Tímaraðir hafa verið endurskoðaðar aftur til 1997.

#### Nýr staðall þjóðhagsreikninga

ESA2010 er evrópsk útgáfa alþjóðlegs þjóðhagsreikningastaðals Sameinuðu þjóðanna, *System of National Accounts 2008* (SNA 2008). Í meginatriðum fylgir staðall Evrópusambandsins staðli Sameinuðu þjóðanna en er þó á ýmsan hátt ýtarlegri og setur nákvæmari vinnureglur til að tryggja betur samanburðarhæfni á niðurstöðum milli Evrópuríkja.

Nýjum staðli er fyrst og fremst ætlað að endurspegla breytingar sem orðið hafa á efnahagslífi og rekstri fyrirtækja síðustu ár. Nýi staðallinn er frábrugðinn þeim eldri hvað varðar umfang og aðferðafræði. Margar af breytingum sem verða tengjast fjármálareikningum (e. *Financial Accounts*) en þær hafa ekki áhrif á niðurstöður um landsframleiðslu. Helstu breytingar sem hafa áhrif á landsframleiðslu og framsetningu þjóðhagsreikningatalna hér á landi eru:

<sup>1</sup> Ekki hafa öll ríki OECD enn innleitt hina nýju staðla þjóðhagsreikninga, þannig að taka verður þennan samanburð með fyrirvara.



Rannsóknar- og þróunarkostnaður mun teljast til fjármunamyndunar en ekki aðfanga hjá fyrirtækjum með samsvarandi hækkun landsframleiðslu.

Breyting á eignarhaldi vöru sem flutt er milli landa til frekari vinnslu mun ráða því hvort varan telst með í utanríkisviðskiptum eða ekki (e. *goods sent for processing*).

Nýjar reglur eiga að gilda við skráningu á vöruviðskiptum milli landa þegar vara er seld en kemur aldrei til landsins sem keypti vöruna (e. *merchanted*).

Samhliða upptöku staðalsins hefur Hagstofan gert ýmsar aðrar endurbætur á þjóðhagsreikningunum. Meðal annars hefur mati á ólöglegri starfsemi verið bætt við og aðferðir við óbeint mælda fjármálaþjónustu hafa verið teknar til gagngerrar endurskoðunar. Mat á birgðabreytingum hefur verið endurskoðað aftur til ársins 2000. Meðal annars með samræmingu á meðhöndlun undirliða en einnig hefur gagnasöfnun verið bætt.

Hagstofan mun halda endurbótastarfi áfram og reiknar með að aftur verði gerðar breytingar á niðurstöðum í september 2015. Má þar nefna endurbætt mat á svartri starfsemi í framleiðsluuppgjöri, endurskoðun aðferða við notkun ársreikninga og bættu samræmingu milli niðurstaðna ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjörs. Auk þessa hefur Hagstofan tekið yfir könnun á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Vonir standa til að unnt verði að nota niðurstöður úr nýrri könnun til að endurskoða og bæta mat á þætti rannsókna og þróunar í fjárfestingu.

## **Endurmat landsframleiðslu og hagvaxtar**

Fjárhæð landsframleiðslunnar hækkar nokkuð við þær endurbætur sem gerðar hafa verið eða sem nemur um 2,7% til 5,8%. Mest áhrif á landsframleiðsluna hafa breytingar sem gerðar hafa verið á einkaneyslu og fjármunamyndun. Áhrif breytinganna á hagvöxt eru mun minni.

**Tafla 1. Landsframleiðsla, sundurliðun breytinga**Table 1. *Gross Domestic Product, changes*

Verðlag hvers árs, ma. kr. <i>Billion ISK at current prices</i>	1997	2007	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Verg landsframleiðsla eldri</b> <i>Gross Domestic Product Old</i>	<b>526,3</b>	<b>1.308,5</b>	<b>1.497,9</b>	<b>1.535,9</b>	<b>1.628,3</b>	<b>1.699,4</b>	<b>1.786,2</b>
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	4,1	20,1	47,5	36,5	33,8	33,7	29,1
Samneysla <i>Government final consumption</i>	-1,6	-2,4	-2,3	-0,3	1,9	2,7	0,6
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	11,8	28,8	33,3	33,7	34,6	35,7	39,4
Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	0,0	-0,7	-2,9	0,8	-2,1	-5,0	-6,4
Vöru- og þjónustujöfnuður <i>Balance of trade in goods and services</i>	-0,3	19,5	12,0	14,4	3,9	7,5	24,0
<b>Verg landsframleiðsla ný</b> <i>Gross Domestic Product new</i>	<b>540,3</b>	<b>1.373,8</b>	<b>1.585,5</b>	<b>1.621,1</b>	<b>1.700,6</b>	<b>1.774,0</b>	<b>1.873,0</b>
<b>Breyting í % á ári</b> <i>Change % per year</i>	<b>2,7</b>	<b>5,0</b>	<b>5,8</b>	<b>5,5</b>	<b>4,4</b>	<b>4,4</b>	<b>4,9</b>

*Einkaneysla*

Innleiðing ESA2010 hefur ekki áhrif á einkaneysluna og má því alfarið rekja breytingar hennar til endurbóta af öðrum ástæðum. Hlutfallslega eykst einkaneyslan á bilinu 1,3% til 6,2%, mest árið 2009. Mestu munar um aukin útgjöld vegna húsnæðis og breytinga vegna endurmats á óbeint mældri bankaþjónustu (FISIM). Aðferðir við mat á húsaleigu hafa verið endurbættar og eru nýjar gagnalindir teknar í notkun. Ólöglegri starfsemi er einnig bætt við einkaneysluna í samræmi við staðla. Útreikningur á tryggingum hefur verið endurbættur með nýjum og ýtarlegri gögnum um útgjöld heimila vegna þjónustu tryggingafélaga. Aukning einkaneyslnnar vegna þessara breytinga er á bilinu 3 til 17 milljarðar króna á fyrri hluta tímabilsins en verður meiri síðari hluta tímabilsins eða um 20 til 47,5 milljarðar.

**Tafla 2. Einkaneysla, sundurliðun breytinga**Table 2. *Household final consumption expenditure, changes*

Verðlag hvers árs, ma. kr. <i>Billion ISK at current prices</i>	1997	2007	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Einkaneysla, eldri tölur</b> <i>HFCE old</i>	<b>305,8</b>	<b>751,6</b>	<b>764,1</b>	<b>790,9</b>	<b>844,8</b>	<b>912,9</b>	<b>957,4</b>
Breytingar alls <i>Total changes</i>	4,1	20,1	47,5	36,5	33,8	33,7	29,1
1. Húsaleiga <i>Rents</i>	0,0	-3,6	14,3	11,5	10,9	10,7	9,7
2. Tryggingar <i>Insurances</i>	0,0	3,4	3,1	4,0	4,2	3,0	2,6
3. Ólögleg starfsemi <i>Illegal activities</i>	2,8	6,0	7,3	7,2	8,1	8,4	8,8
4. Óbeint mæld bankaþjónusta <i>FISIM</i>	1,3	13,6	21,5	12,1	8,7	9,4	8,2
5. Annað <i>Other changes</i>	0,0	0,8	1,4	1,7	1,9	2,1	-0,2
<b>Einkaneysla, nýtt uppgjör</b> <i>HFCE new</i>	<b>309,9</b>	<b>771,7</b>	<b>811,6</b>	<b>827,4</b>	<b>878,7</b>	<b>946,6</b>	<b>986,5</b>
<b>Breyting í % á ári</b> <i>Change % per year</i>	<b>1,3</b>	<b>2,7</b>	<b>6,2</b>	<b>4,6</b>	<b>4,0</b>	<b>3,7</b>	<b>3,0</b>

**Samneysla** Nokkrar breytingar verða á samneyslu miðað við niðurstöður sem áður hafa verið birtar. Endurskoðunin nær aftur til ársins 1998 og hefur það í för með sér að samneyslan dregst saman árin 1998–2010 en eykst árin 2011–2013. Helsta breytingin er að rannsóknar- og þróunarkostnaður er nú fjárfesting en var áður talinn með samneyslu. Árið 1998 voru 3,8 milljarðar króna færðir úr samneyslu yfir í fjárfestingu og um 10–11 milljarðar króna árin 2008–2013. Tæplega 70% er vegna launa en um 30% vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá voru niðurstöður fyrir óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM) endurskoðaðar og eru áhrif þeirra breytinga mest á árunum 2010–2012. Auk þessa var endurgreiðsla á virðisaukaskatti til opinberra aðila (vegna kaupa á sérfræðiþjónustu, sorphreinsun o.fl.) leiðrétt og vex samneyslan sem henni nemur árin 1998–2013. Aðrar, minniháttar, breytingar á samneyslunni eru vegna bættra gagna.

**Tafla 3. Samneysla, sundurliðun breytinga**

Table 3. Government final expenditure, changes

Verðlag hvers árs, ma. kr. Billion ISK at current prices	1998	2007	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Samneysla, eldri tölur <i>GFCE old</i></b>	<b>130,5</b>	<b>316,8</b>	<b>396,9</b>	<b>398,6</b>	<b>413,5</b>	<b>430,4</b>	<b>455,1</b>
Breytingar alls <i>Changes total</i>	-3,2	-2,4	-2,3	-0,3	1,9	2,7	0,6
1. R&D <i>R&amp;D</i>	-3,8	-8,5	-9,8	-10,0	-10,6	-11,1	-11,7
2. Óbeint mæld fjármálaþjónusta <i>FISIM</i>	-0,9	1,3	1,9	4,6	6,7	6,4	3,3
3. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti <i>VAT-refund</i>	1,5	4,8	5,5	5,2	5,4	5,9	6,2
4. Annað <i>Other</i>	0,1	0,0	0,0	0,0	0,4	1,5	2,8
<b>Samneysla, nýtt uppgjör <i>GFCE new</i></b>	<b>127,3</b>	<b>314,4</b>	<b>394,6</b>	<b>398,3</b>	<b>415,4</b>	<b>433,1</b>	<b>455,7</b>
<b>Breyting í % á ári <i>Change % per year</i></b>	<b>-2,4</b>	<b>-0,8</b>	<b>-0,6</b>	<b>-0,1</b>	<b>0,5</b>	<b>0,6</b>	<b>0,1</b>

**Fjármunamyndun** Samkvæmt ESA2010 teljast útgjöld til rannsókna og þróunar til fjármunamyndunar. Sú breyting á aðferðafræði verður til þess að fjármunamyndun eykst um 7,5% til 17,3% á ári, minnst árið 2005 og mest árið 2010. Auk þessa er fjárfesting í hugbúnaði leiðrétt út frá nýjum gögnum og mat á bústofni endurbætt og leiðir hvort tveggja til hækkunar. Aðrar leiðréttingar sem gerðar eru leiða ýmist til örlitillar hækkunar eða lækkunar á hverju ári.

Kostnaður hins opinbera við rannsóknir og þróun taldist áður með í samneyslu en færir nú í fjárfestingu. Útgjöld atvinnuveganna til þessara mála auka hins vegar landsframleiðsluna en þau eru nú skilgreind sem fjárfesting. Heildaráhrif þessara breytinga eru um 1,4% hækkun á fjárhæð landsframleiðslunnar. Stuðst var við könnun sem Rannís stóð að um útgjöld til rannsókna og þróunar árið 2011. Í nokkrum tilvikum voru niðurstöður þeirrar könnunar endurmetnar í samræmi við skilgreiningu þjóðhagsreikninga.

Aðrar veigaminni breytingar er endurskoðun á fjárfestingu í landbúnaði, að mestu vegna endurmat á bústofni. Endurskoðunin á landbúnaðarfjárfestingu leiðir til um 0,3–0,9% hækkunar á fjárfestingu á tímabilinu, mismikilli eftir árum.

**Tafla 4. Fjármunamyndun, sundurliðun breytinga**Table 4. *Gross fixed capital formation, changes*

Verðlag hvers árs, ma. kr. <i>Billion ISK at current prices</i>	1997	2007	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Fjármunamyndun, eldri tölur</b> <b><i>GFCF old</i></b>	<b>103,5</b>	<b>373,0</b>	<b>207,0</b>	<b>194,8</b>	<b>229,1</b>	<b>247,8</b>	<b>243,3</b>
Breyting alls <i>Change total</i>	11,8	28,9	33,4	33,7	34,6	35,7	39,4
1. R&D <i>R&amp;D</i>	10,6	26,4	30,2	31,0	32,9	34,3	36,1
2. Landbúnaður <i>Agriculture</i>	0,7	1,3	1,9	1,8	1,8	1,9	2,2
3. Hugbúnaður <i>Software</i>	0,4	1,1	1,2	1,3	1,4	1,4	1,7
4. Annað <i>Other</i>	0,1	0,1	0,1	-0,4	-1,5	-1,9	-0,6
<b>Fjármunamyndun, nýtt uppgjör</b> <b><i>GFCF new</i></b>	<b>115,3</b>	<b>401,9</b>	<b>240,4</b>	<b>228,5</b>	<b>263,7</b>	<b>283,5</b>	<b>282,7</b>
<b>Breyting í % á ári <i>Change % per year</i></b>	<b>11,4</b>	<b>7,7</b>	<b>16,1</b>	<b>17,3</b>	<b>15,1</b>	<b>14,4</b>	<b>16,2</b>

Utanríkisviðskipti

Breytingar verða á stöðlum fyrir utanríkisviðskipti í ESA2010. Tilflutningur verður milli vöru- og þjónustuviðskipta þar sem vöruútflutningur dregst saman en þjónustuútflutningur eykst. Endurskoðun á óbeint mældri fjármálaþjónustu til þess að meiri aukning varð á útflutningi en innflutningi flest árin sem hafði jákvæð áhrif á jöfnuðinn.

**Tafla 5. Vöru- og þjónustujöfnuður, sundurliðun breytinga**Table 5. *Balance of goods and services, changes*

Verðlag hvers árs, ma. kr. <i>Billion ISK at current prices</i>	1997	2007	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Vöru- og þjónustujöfnuður, eldri</b> <b><i>Balance of goods and services, old</i></b>	<b>2,8</b>	<b>-139,6</b>	<b>129,2</b>	<b>155,1</b>	<b>136,3</b>	<b>103,9</b>	<b>132,0</b>
Vöruskiptajöfnuður <i>Balance of trade in goods</i>	-2,5	-43,2	-34,6	-75,1	-60,2	-65,0	-61,2
FISIM jöfnuður <i>Balance of FISIM</i>	0,0	18,2	11,5	14,2	4,5	3,7	5,7
Þjónustujöfnuður án FISIM <i>Balance on services excl. FISIM</i>	2,2	44,4	35,1	75,3	59,7	68,8	79,5
<b>Vöru- og þjónustujöfnuður, nýr</b> <b><i>Balance of goods and services new</i></b>	<b>2,5</b>	<b>-120,1</b>	<b>141,2</b>	<b>169,5</b>	<b>140,2</b>	<b>111,5</b>	<b>156,0</b>

Áhrif á hagvöxt

Breytingarnar nú hafa fremur lítil áhrif á hagvöxt flest árin. Undantekning frá því er árið 2007 en nú mælist hagvöxtur það ár 9,7% í stað 6% áður. Helstu ástæður þessa eru mikil stækkun fjármálakerfisins en endurskoðun óbeint mældu fjármálaþjónustunnar leiddi til mikillar aukningar á útflutningi þeirrar þjónustu.

**Tafla 6. Endurskoðun á hagvexti milli ára***Table 6. Revision of economic growth*

Ár <i>Year</i>	Hagvöxtur skv. birtingu í mars 2014 <i>Economic growth published in March 2014</i>	Hagvöxtur nú <i>Economic growth now</i>	Breyting <i>Change</i>
1998	6,3	6,4	0,1
1999	4,1	4,2	0,1
2000	4,3	4,7	0,4
2001	3,9	3,8	-0,2
2002	0,1	0,5	0,3
2003	2,4	2,7	0,3
2004	7,8	8,2	0,4
2005	7,2	6,0	-1,2
2006	4,7	4,2	-0,5
2007	6,0	9,7	3,7
2008	1,2	1,1	0,0
2009	-6,6	-5,1	1,4
2010	-4,1	-2,9	1,2
2011	2,7	2,1	-0,5
2012	1,5	1,1	-0,3
2013	3,3	3,5	0,2

*Ýtarlegra talnaefni á netinu*

Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, er vísað til ýtarlegs talnaefnis á vef Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaráðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.

**Endurbætur á óbeint mældri fjármálaþjónustu**

Þjónusta fjármálafyrirtækja má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða beinar þjónustutekjur eins og lántökukostnað og aðrar þóknanir sem metnar eru með beinum hætti líkt og í annarri starfsemi. Hins vegar er um að ræða þá þjónustu sem fjármálafyrirtæki veita í formi miðlunar fjármagns<sup>1</sup>. Sú þjónusta er óaðgreind frá þeim vaxtatekjum og gjöldum sem fram koma í reikningum fjármálafyrirtækja og þarf því að meta með óbeinum hætti.

*Skilgreining*

Þessi þjónusta (hér eftir nefnd FISIM) er mæld samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli ESA2010 og er munur útlána- og innlánsvaxta margfaldaður með tilheyrandi lána- stofni. Þannig er gert ráð fyrir að innlánsvextir lýsi fjármögnunarkostnaði fjármálafyrirtækja sem umbreyta innlánnum í útlán með tilheyrandi hærri vöxtum. Munurinn á vöxtunum eru taldir lýsa þeirri áhættu sem fjármálafyrirtækin innbyrða við umbreytinguna.

*Viðmiðunarvextir*

Reiknaðir eru sérstakir viðmiðunarvextir sem þjóna því hlutverki að skipta vaxtamuninum milli kaupa á útlánaþjónustu og innlánsþjónustu. Vextirnir eru vegnir meðalvextir útlána og innlána milli innlánsstofnana (geiri S.122) og annarra fjármálafyrirtækja (S.125 og S.125x) þar sem þau eru skilgreindir FISIM framleiðendur. Vextir í viðskiptum þeirra á milli eru taldir endurspeglar áhættuleysi.<sup>2</sup> Í þeim tilfellum sem vöntun er á upplýsingum til að reikna út viðmiðunarvexti samkvæmt þessari aðferð er algengt að nota millibankavexti.

<sup>1</sup> Með miðlun fjármagns er átt við þegar fjármálafyrirtæki umbreytir innlánnum í útlán.

<sup>2</sup> Í kjölfar fjármálahrunsins síðla árs 2008 má vissulega færa rök fyrir því að fjármálafyrirtæki séu ekki áhættulausir lántakendur, og því endurspeglar millibankavextir ekki áhættuleysi.

Líkt og fjallað er ýtarlega um í [marshefti Hagtíðinda frá árinu 2006](#) hefur Hagstofan gert ýmsar tilraunir til að reikna viðmiðunarvexti í samræmi við aðferðafræði ESA. Samkvæmt þeirri aðferð mynda REIBOR og REIBID viðmiðunarvexti, en þá verður niðurstaðan ítrekað sú að FISIM verður neikvætt, bæði fyrir útlán og innlán. Fyrir verðtryggð útlán yrði FISIM neikvætt í 146 mánuði af 192 mánuðum árin 1998 til 2013. Erfitt er að færa rök fyrir neikvæðu verðmæti kaupa á þjónustu, sér í lagi þar sem virði verðtryggðra útlána er að jafnaði um 46% af heildarútlánnum fjármálafyrirtækja.

Hagstofan hefur tekið þá ákvörðun að reikna viðmiðunarvexti sem vegið meðaltal út- og innlánavaxta fyrir hverja lánategund. Sú niðurstaða byggist á rannsóknum þar sem gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir til að lágmarka neikvætt FISIM.

Viðmiðunarvextir eru:

$$rr_{m,t,i,g} = \sum_g w_{m,t,i,g} \times r_{m,t,i,g}$$

þar sem,

$r_{(\cdot)}$ : út- eða innlásvextir.

$m$ : númer mánaðar innan ársfjórðungs eða árs; 1,...,4 eða 1,...,12.

$t$ : tegund láns; verðtryggð, óverðtryggð, gengistryggð eða erlendum gjaldmiðlum. Þá jafnframt hvort um innlán eða útlán er að ræða.

$i$ : innri eða ytri viðmiðunarvextir. Fer eftir því hvort þjónustan er við útlönd (ytri) eða milli innlendra aðila (innri).

